

Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2020
UST202003-107/G.R.G.
07.11.02

Stöðvun markaðssetningar á F-gösum í einnota ílátum

Vísað er til bréfs dags. 5. mars 2020 þar sem áformað var að stöðva markaðssetningu á vörunum A/C Pro Ultra Synthetic (340 g) (strikamerki 0 48168 45076 3) og A/C Pro Ultra Synthetic (566 g) með slöngu og þrýstingsmæli (strikamerki 0 48168 45070 1) sem innihalda báðar F-gasið 1,1,1,2-tetrafluoretan (HFC-134a, R134a) í einnota málmhylkjum og Stál og stansar ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Áformað var að stöðva markaðssetningu varanna í kjölfar eftirlits sem leiddi í ljós að vörurnar eru ólöglegar á markaði þar sem að sala F-gasa í einnota ílátum er bönnuð skv. 1. mgr. 11. gr. og 1. ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 sem innleidd er í íslenskan rétt í reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Um leið og niðurstöður eftirlitsins lágu fyrir var ljóst að ekki væri unnt að bæta úr frávikum varanna og þar af leiðandi áformaði Umhverfisstofnun að stöðva markaðssetningu þeirra.

Í framangreindu bréfi voru Stáli og stönum ehf. veittur frestur til 6. mars 2020 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga. Þann dag barst Umhverfisstofnun tölvupóstur þar sem upplýst var um að fyrirtækið hefði hætt sölu á vörunum og að þeim yrði fargað.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á eftirlitum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfinu og að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning varanna gegn framangreindu markmiði efnalaga.

Að framansögðu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 58. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í stöðvun markaðssetningar felst að óheimilt er að markaðssetja vöruna en með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Stöðvun markaðssetningar tekur gildi nú þegar og gerir Umhverfisstofnun þá kröfu að vörunum verði fargað hjá viðurkenndum móttökuaðila spilliefna og að stofnuninni verði send staðfesting þess efnis eigi síðar en 13. mars 2020.

Þegar staðfesting á förgun efnanna berst Umhverfisstofnun telst eftirfylgnimáli því er hófst með bréfi dags. 5. mars 2020 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Ákvörðun þessi er kæranleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 68. gr. efnalaga. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum sbr. VII. kafla laganna. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Jafnframt er vakin athygli á því að aðeins eru gerðar athugasemdir við þær vörur sem lento í úrtaki eftirlitsins. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem fyrirtækið flytur til landsins og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga og þarfnið því lagfæringa.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn hefur verið út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 26.400 kr.

Upplýsingar um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/atvinnulif/efni/algengar-spurningar/fluaradar-groðurhúsalofttegundir/>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Ísaks Sigurjóns Bragasonar, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið isak.bragason@ust.is til að fá nánari upplýsingar um markaðssetningu og innflutning F-gasa.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur